

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér segir:

- a) Íbúðarhús hver pokaæining (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 6.615. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaæiningar kr. 4.410.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaæining kr. 9.100 fyrir hvern poka.
- c) Á öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargj. kr.	Sorphreinsunargj. kr.
1. flokkur	6.340	25.360
2. flokkur	12.680	50.715
3. flokkur	25.360	101.430
4. flokkur	50.715	202.860
5. flokkur	101.430	405.720
6. flokkur	152.145	608.580

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphreinsunargjald skal fellt niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal árlega greiða sorphirðugjald.

2. gr.

Fella skal niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins, sem viðurkennd er af heilbrigðisnefnd, enda samþykkir Ólafsfjarðarbær það.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.200 fyrir íbúðarhúsnæði.

Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni. Sorphirðugjald flokka-anna er sem hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1.	6.200	7.	87.100
2.	12.400	8.	124.400
3.	31.100	9.	168.000
4.	43.600	10.	255.100
5.	56.000	11.	342.200
6.	68.400		

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 60/1998 vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1999.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1999, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	7.374
b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	3.687
c) Sumarhús	3.687
d) Fyrirtæki m.v. 1 poka á viku (margf. í gámum)	7.374
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að urðunarst.)	27.595

(annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað).

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.